

Ágætu FaMos félagar.

Meðfylgjandi eru upplýsingar um „Þjóðsagnaferð“ FaMos um Strandir.

Einungis eru laus tvö tveggja manna herbergi. Þeir sem áhuga hafa á þátttöku í ferðini geta haft sambandi við **Ingólf Hrólffsson**, formann menningar' og skemmtinefndar FaMos í síma: **855 2085** eða á netfanginu: ihhj@simnet.is,



Hótel Laugarhóll í Bjarnarfirði.

Þjóðsagnaferð FAMOS á Strandir 13.-14. maí 2017

Laugardagur 13. maí

Lagt verður af stað frá Hlégarði laugardaginn 13. maí kl. 9.

Ekið verður eftir þjóðvegi eitt yfir Holtavörðuheidi og norður í Hrútafjörð þar sem áð verður í Staðarskála.



Síðan verður haldið norður á Strandir og stansað í Sauðfjársetrinu á Ströndum sem er til húsa í félagsheimilinu Sævangi. Þar gefur að líta þrjár sýningar: a) **Sauðfé í sögu þjóðar**

b) **Álagablettir á Ströndum** c) **Sumardvöl í sveit**. Aðgangseyrir er 500 krónur. Jón Jónsson þjóðfræðingur á Kirkjubóli tekur á mótí okkur í Sævangi og greinir okkur frá Þjóðfræðastofunni á Ströndum.

Á Kaffi Kind fáum við kaffihlaðborð á 1500 krónur.

Eftir drjúga stund í Sævangi verður ekið norður í Bjarnarfjörð þar sem við snæðum kvöldverð og gistum á Hótel Laugarhóli. Þar er 25 metra sundlaug, heitur náttúrulegur pottur, Kotbýli kuklarans og Gvendarlaug hins góða.

Sunnudagur 14. maí

Lagt af stað frá Laugarhóli kl. 9. Ekið að Drangnesi og rústir hvalveiðistöðvar í Hveravík á norðurströnd

Steingrímsfjarðar kannaðar. Stansað á Hólmavík á bakaleiðinni og Galdrasafnið heimsótt. Hádegisverður í Café Riis á Hólmavík.

Síðan verður ekið yfir Þröskulda í Króksfjörð og Dali þar sem stansað verður á rjómbúinu á Erpsstöðum; þar er verslun sem selur ýmsar mjólkurafurðir. Við getum snætt þar nesti ef við

viljum. Loks er ekið suður yfir Bröttubrekku og heim.

Fararstjóri og leiðsögumaður verður Bjarki Bjarnason